

Stofnfundur sambands orkusveitarfélaga þan 25. nóvember 2011.

1. Setning og kjör starfsmanna fundarins

Gunnar Axel Axelsson býður fundargesti velkomna og leggur til að Ólafur Örn Ólafsson verði kosinn fundarstjóri og Bryndís Gunnlaugsdóttir fundarritari.

2. Skipan kjörnefndar

Lögð var fram tillaga um kjörnefnd:

Sigurberg Árnason
Róbert Ragnarsson
Eydís Indriðadóttir
Arnbjörg Sveinsdóttir
Arnór Benónýsson

Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Ávarp Karls Björnssonar, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fjallaði almennt um hlutverk Sambandsins í þessum málaflokki og fagnar stofnun SO. Ítrekar að Sambandið muni aðstoða SO eins og önnur samtök sveitarfélaga.

4. Orkustefna fyrir Ísland; Vilhjálmur Þorsteinsson formaður

Fallaði um nýlega skýrslu sem unnin var um orkustefnu fyrir Íslands. Fundarmenn voru hvattir til að skoða heimasíðuna www.orkustefna.is þar sem hægt er að skoða skýrsluna í heild sinni. Fundarmenn voru sérstaklega hvattir til að kynna sér kafla 8 í skýrslunni. Margar áhugaverðar upplýsingar sem komu fram meðal annars um heildar orkuframleiðslu hér á landi og að aðeins um 20% hennar fer til almennings og almennra fyrirtækja en öll önnur orka fer til stóriðju.

5. Kynning á markmiðum félagsins; Tryggvi Harðarson sveitarstjóri Þingeyjarsveitar

Fjallar um mikilvægi þess að sveitarfélögin hafi sameiginlegan vettvang til að vinna í þessum málaflokki. Nefnir það sérstaklega t.d. fasteignaskatta, nýtingarsamninga og mikilvægi þess að starfa saman. Telur að meginsjónarmið varðandi meðferð auðlinda eigi við hvort sem það er á vegum ríkis eða sveitarfélaga. Fer stuttlega yfir hvernig sveitarfélög í Noregi fá hlutdeild í þeim arði er verður til í kringum orkuöflun. Ítrekar mikilvægi þess að einhver arður verði eftir í sveitarfélaginu þar sem orkuframleiðsla fer fram. Hvetur fólk til að taka þátt í SO og skrá sig sem stofnfélagar.

6. Kynning á drögum að samþykktum fyrir Samband orkusveitarfélaga; Stefán Bogi Sveinsson, forseti bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs

Tillögur að samþykktum kynntar fyrir fundarmenn. Eina breyting á samþykktunum frá því að þær voru sendar út fyrir nokkrum dögum er að lagt er til að varamenn verði fjórir en ekki þrír.

7. Almennar umræður

Til máls tóku: Stefán Bogi Sveinsson frá Fljótsdalshéraði, Gunnar Þorgeirsson frá Grímsnes- og Grafningshreppi, Tryggvi Harðarsson frá Þingeyjarsveit, Jens Pétur Jenssen frá Húnavatnshreppi, Gunnar Örn Marteinnsson frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Eydís Indriðadóttir frá Ásahreppi.

8. Afgreiðsla á samþykktum félagsins og tillögum sem fram kunna að koma

Tillaga að samþykktum félagsins lögð fyrir fundinn.

Samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

9. Kjör stjórnar

Tillaga kjörnefndar er eftirfarandi:

Stjórnarmenn

1. Tryggvi Harðarson, Þingeyjarsveit. Formaður
2. Stefán Bogi Sveinsson, Fljótsdalshérað
3. Bryndís Gunnlaugsdóttir, Grindavík
4. Gunnar Axel Axelsson, Hafnarfirði
5. Eydís Indriðadóttir, Ásahreppi
6. Sigríður Lára Ásbjörnsdóttir, Ölfusi
7. Jens Pétur Jensen, Húnavatnshreppi

Varamenn

8. Arnbjörg Sveinsdóttir, Seyðisfirði
9. Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes- og Grafningshreppi
10. Dagbjört Bjarnadóttir, Skútustaðahreppur
11. Árni Sigfússon, Reykjanesbæ

Tillaga kjörnefndar er samþykkt samhljóða

10. Árgjald og þóknun til stjórnar

Tillaga um árgjald ársins 2012 er eftirfarandi:

- 300.000 kr. fyrir sveitarfélög með yfir 10.000 íbúa
- 200.000 kr. fyrir sveitarfélög með 5.000-10.000 íbúa
- 100.000 kr. fyrir sveitarfélög með undir 5.000 íbúa

Tillagan er samþykkt samhljóða

Tillaga um þóknun til stjórnar, greiðsla fyrir fund.

- 40.000 kr. til formanns
- 20.000 kr til annarra stjórnarmanna
- Lagt til að ferðakostnaður verði greiddur af sveitarfélögum til að byrja með.

Tillagan er samþykkt samhljóða

11. Ávarp iðnaðarráðherra

Katrín Júlíusdóttir ávarpað fundinn. Fer stuttlega yfir þá mikla vinnu sem hefur átt sér stað á síðustu árum í málaflóknum, meðal annars vinna við orkustefnu Íslands og vinna við orkuskipti. Ítrekar að markmið sveitarfélaga og ríkis fara saman í þessum málaflökki. Fagnar tilkomu SO og óskar eftir góðu samstarfi við sambandið.

12. Fundi slitið:

Tryggvi Harðarson, nýkjörinn formaður fer yfir fundinn og framhaldið og slítur fundi. Fram kemur að 17 sveitarfélög hafa skráð sig sem stofnfélagar og hægt er að skrá sig sem stofnfélagi til áramóta.

Fundarstjóra og fundarritara falið að ganga frá fundargerð og stjórn félagsins falið að skila inn stofngögnum til Fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra.